

I EES-STOFNANIR

1. EES-ráðið
2. Sameiginlega EES-nefndin

95/EES/23/01

Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 23/95 frá 28. apríl 1995 um breytingu á XIV. viðauka (Samkeppni) við EES-samninginn..... 01

Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 70/95 frá 17. janúar 1995 um breytingu á reglugerð (EBE) nr. 2349/84 frá 23. júlí 1984 um beitingu 3. mgr. 85. gr. sáttmálans gagnvart tilteknum flokkum nytjaleyfissamninga vegna einkaleyfa..... 02

3. Sameiginlega EES-þingmannanefndin
4. Ráðgjafarnefnd EES

II EFTA-STOFNANIR

1. Fastanefnd EFTA-ríkjanna
2. Eftirlitsstofnun EFTA
3. EFTA-dómstóllinn

III EB-STOFNANIR

1. Ráðið
2. Framkvæmdastjórnin

95/EES/23/02

Samfylking sem tilkynnt hefur verið um fyrirfram (Mál nr. IV/M.596 - Mitsubishi Bank/Bank of Tokyo)..... 03

95/EES/23/03

Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu (Mál nr. IV/M.589 - Seagram/MCA)..... 03

95/EES/23/04

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 24. maí 1995 um merkingu og notkun svínakjöts við beitingu 9. gr. tilskipunar ráðsins 80/217/EBE..... 04

95/EES/23/05

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 24. maí 1995 um breytingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 93/402/EBE um heilbrigðisskilyrði og heilbrigðisvottorð vegna innflutnings á nýju kjöti frá ákveðnum löndum Suður-Ameríku til að taka mið af upplýsingum varðandi ríkin São Paulo og Minas Gerais (Brasilíu)..... 04

95/EES/23/06	Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 30. maí 1995 um breytingu á ákvörðun 93/455/EBE um viðurkenningu á ákveðnum viðbúnaðaráætlunum vegna eftirlits með gin- og klaufaveiki.....	04
95/EES/23/07	Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar frá 31. maí 1995 um að samþykkja tilskipun ráðsins 89/647/EBE um eiginfjárhlutfall lánastofnana hvað varðar tæknilega skilgreiningu á „svæði A“ og varðandi vægi eignarliða sem eru kröfur með beinni ábyrgð Evrópubandalagsins.....	05
95/EES/23/08	Tilmæli framkvæmdastjórnarinnar frá 12. maí 1995 um greiðslufrest í verslunarviðskiptum.....	05
95/EES/23/09	Skrá yfir skjöl varðandi EES sem framkvæmdastjórnin sendi ráðinu á tímabilinu 29. 5. til 2. 6. 1995.....	06
95/EES/23/10	Reglur um upplýsingaskipti – tæknilegar reglugerðir.....	07
3. Dómstóllinn		
95/EES/23/11	Upplýsingar frá dómstól Evrópubandalaganna.....	08
95/EES/23/12	Upplýsingar frá dómstól Evrópubandalaganna á fyrsta dómstigi.....	09

EES-STOFNANIR

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN

Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar

95/EES/23/01

nr. 23/95

frá 5. apríl 1995

um breytingu á XIV. viðauka (Samkeppni) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

XIV. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 7/94 frá 21. mars 1994 um breytingu á bókun 47 og tilteknum viðaukum við EES-samninginn⁽¹⁾.

Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 70/95 frá 17. janúar 1995 um breytingu á reglugerð (EBE) nr. 2349/84 frá 23. júlí 1984 um beitingu 3. mgr. 85. gr. sáttmálans gagnvart tilteknum flokkum nytjaleyfissamninga vegna einkaleyfa⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í 5. lið (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 2349/84) í XIV. viðauka við samninginn á undan aðlöguninni:

„- **395 R 0070:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 70/95 frá 17. janúar 1995 (Stj. tíð. EB nr. L 12, 18. 1. 1995, bls. 13).“

2. gr.

Í 5. lið í aðlögunarlið 1) komi dagsetningin „30. júní 1995“ í stað „31. desember 1994“.

3. gr.

Fullgiltur texti reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 70/95 á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

4. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 15. apríl 1995, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni. Hún gildir frá 1. janúar 1995.

5. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

Gjört í Brussel 5. apríl 1995.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Formaður

G.J.L. Avery

⁽¹⁾ Stj. tíð. EB nr. L 160, 28. 6. 1994, bls. 1 og EES-viðbætur við Stj. tíð. EB nr. 17, 28. 6. 1994, bls. 1.

⁽²⁾ Stj. tíð. EB nr. L 12, 18. 1. 1995, bls. 13.

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 70/95

frá 17. janúar 1995

um breytingu á reglugerð (EBE) nr. 2349/84 um beitingu 3. mgr. 85. gr. sáttmálans gagnvart tilteknum flokkum nytjaleyfissamninga vegna einkaleyfa**FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,**

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins nr. 19/65/EBE frá 2. mars 1965 um beitingu 3. mgr. 85. gr. sáttmálans gagnvart tilteknum flokkum samninga og samstilltra aðgerða ⁽¹⁾, eins og henni var síðast breytt með lögum um aðild Spánar og Portúgals, einkum 1. gr.,að útgefnum drögum að reglugerð þessari ⁽²⁾,

að höfðu samráði við ráðgjafarnefndina um samkeppnishömlur og einokun,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Framkvæmdastjórnin hefur, samkvæmt reglugerð nr. 19/65/EBE, vald til að beita með reglugerð 3. mgr. 85. gr. sáttmálans, að því er varðar tiltekna flokka tvíhliða nytjaleyfissamninga og samstilltar aðgerðir sem falla undir 1. mgr. 85. gr.

Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 2349/84 frá 23. júlí 1984 um beitingu 3. mgr. 85. gr. sáttmálans gagnvart tilteknum flokkum nytjaleyfissamninga vegna einkaleyfa ⁽³⁾, eins og henni var síðast breytt með lögum um aðild Spánar og Portúgals og með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 151/93 ⁽⁴⁾, gildir aðeins til 31. desember 1994.Framkvæmdastjórnin birti, 30. júní 1994, drög að reglugerð um beitingu 3. mgr. 85. gr. sáttmálans gagnvart tilteknum flokkum samninga um miðlun tækni þar sem farið er fram á við alla aðila sem málið varðar að þeir skili inn athugasemdum sínum eigi síðar en 28. ágúst 1994 ⁽⁵⁾.

Í kjölfar þessarar útgáfu hefur framkvæmdastjórninni borist mikill fjöldi mikilvægra athugasemda og því hefur reynst nauðsynlegt að skoða frekar þau vandamál sem fram hafa komið. Ekki reynist mögulegt að ljúka þessari skoðun fyrir 31. desember 1994 þegar fyrirhugað er að samþykkja og birta nýja reglugerð.

Nauðsynlegt er því að lengja gildistíma reglugerðar (EBE) nr. 2349/84 um sex mánuði.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:**1. gr.**

Í 14. gr. reglugerðar (EBE) nr. 2349/84 komi „30. júní 1995“ í stað dagsetningarinnar „31. desember 1994“.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópubandalagsins.

Hún gildir frá 1. janúar 1995 að telja.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 17. janúar 1995.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Karel VAN MIERT

framkvæmdastjóri.

(*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjttíð. EB nr. L 12, 18. 1. 1995, bls. 13, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 23/95 frá 28. apríl 1995 um breytingu á XVI. viðauka (Samkeppni) við EES-samninginn, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

(1) Stjttíð. EB nr. 36, 6. 3. 1965, bls. 533/65.

(2) Stjttíð. EB nr. C 313, 10. 11. 1994, bls. 6.

(3) Stjttíð. EB nr. L 219, 16. 8. 1984, bls. 15.

(4) Stjttíð. EB nr. L 21, 29. 1. 1993, bls. 8.

(5) Stjttíð. EB nr. C 178, 30. 6. 1994, bls. 3.

EB-STOFNANIR

FRAMKVÆMDASTJÓRNIN

Samfylking sem tilkynnt hefur verið um fyrirfram (Mál nr. IV/M.596 - Mitsubishi Bank/Bank of Tokyo)

95/EES/23/02

1. Framkvæmdastjórninni barst 14. 6. 1995 tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89⁽¹⁾ þar sem Mitsubishi Bank Limited og Bank of Tokyo Limited sameinast algerlega, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. reglugerðar ráðsins.
2. Viðskiptastarfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja:
 - Mitsubishi Bank Limited: bankastarfsemi og fjármálaþjónusta,
 - Bank of Tokyo Limited: bankastarfsemi og fjármálaþjónusta.
3. Að undangenginni forkönnun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin sem tilkynnt hefur verið um geti fallið undir gildissvið reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89. Þó er lokaákvörðun hvað þetta atriði varðar frestað þar til síðar.
4. Framkvæmdastjórnin gefur þriðja aðila sem á hagsmuna að gæta kost á að koma hugsanlegum athugasemdum sínum varðandi fyrirhugaða aðgerð á framfæri við sig.

Athugasemdir verða að hafa borist framkvæmdastjórninni eigi síðar en tíu dögum eftir þessa birtingu í Stjtið. EB nr. C 156, 22. 6. 1995. Athugasemdirnar er unnt að senda til framkvæmdastjórnarinnar í gegnum bréfasíma (nr. +32 2 296 43 01) eða í pósti, undir tilvísunarnúmeri IV/M.596 - Mitsubishi Bank/Bank of Tokyo, og er heimilisfangið:

Commission of the European Communities
Directorate-General for Competition (DG IV)
Merger Task Force
Avenue de Cortenberg 150
B-1049 Brussels.

Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu (Mál nr. IV/M.589 - Seagram/MCA)

95/EES/23/03

Framkvæmdastjórnin ákvað 29. 5. 1995 að mótmæla ekki framangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa því yfir að hún samrýmdist hinum sameiginlega markaði. Þessi ákvörðun byggist á b-lið 1. mgr. 6. gr. í reglugerð ráðsins (EBE) nr. 4064/89⁽¹⁾. Þriðji aðili sem á nægilegra hagsmuna að gæta getur fengið eintak af ákvörðuninni samkvæmt skriflegri beiðni til:

Commission of the European Communities
Directorate-General for Competition (DG IV)
Merger Task Force
Avenue de Cortenberg 150
B-1049 Brussels
Bréfasími: +32 2 296 43 01

(¹) Stjtið. EB nr. L 395, 30. 12. 1989. Leiðrétting: Stjtið. EB nr. L 257, 21. 9. 1990, bls. 13.

**Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 24. maí 1995 um 95/EES/23/04
merkingu og notkun svínakjöts við beitingu 9. gr. tilskipunar
ráðsins 80/217/EBE**

Framkvæmdastjórnin birti ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 24. maí 1995 um merkingu og notkun svínakjöts við beitingu 9. gr. tilskipunar ráðsins 80/217/EBE í Stjtið. EB nr. L 120, 31. 5. 1995. Ákvörðunin heimilar Þýskalandi að nota merkinguna sem lýst er í e-lið A-þáttar 1. mgr. 3. gr. í tilskipun ráðsins 64/433/EBE á kjöt af svínum sem eru upprunnin á bújörðum á eftirlitssvæðum í Neðra-Saxlandi sem skipulögð eru í samræmi við ákvæði 1. mgr. 9. gr. tilskipunar ráðsins 80/217/EBE, með fyrirvara um ákvæði tilskipunar ráðsins 80/217/EBE, einkum 6. mgr. 9. gr. og að ákveðnum skilyrðum uppfylltum (sjá nánari útlistun í framannefndum Stjtið. EB).

**Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 24. maí 1995 um 95/EES/23/05
breytingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 93/402/EBE um
heilbrigðisskilyrði og heilbrigðisvottorð vegna innflutnings á nýju kjöti
frá ákveðnum löndum Suður-Ameríku til að taka mið af upplýsingum
varðandi ríkin São Paulo og Minas Gerais (Brasilíu)**

Framkvæmdastjórnin birti ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 24. maí 1995 um breytingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 93/402/EBE um heilbrigðisskilyrði og heilbrigðisvottorð vegna innflutnings á nýju kjöti frá ákveðnum löndum Suður-Ameríku til að taka mið af upplýsingum varðandi ríkin São Paulo og Minas Gerais (Brasilíu) í Stjtið. EB nr. L 119, 30. 5. 1995. Í stað I. viðauka við ákvörðun 93/402/EBE kemur viðauki við þessa ákvörðun (sjá nánari útlistun í framannefndum Stjtið. EB).

**Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 30. maí 1995 um 95/EES/23/06
breytingu á ákvörðun 93/455/EBE um viðurkenningu á ákveðnum
viðbúnaðaráætlunum vegna eftirlits með gin- og klaufaveiki**

Framkvæmdastjórnin birti ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 30. maí 1995 um breytingu á ákvörðun 93/455/EBE um viðurkenningu á ákveðnum viðbúnaðaráætlunum vegna eftirlits með gin- og klaufaveiki í Stjtið. EB nr. L 124, 7. 6. 1995. Með þessari ákvörðun er tilvísun til Hollands bætt við viðauka við ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 93/455/EBE (sjá nánari útlistun í framannefndum Stjtið. EB).

**Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar frá 31. maí 1995 um að 95/EES/23/07
samþykkja tilskipun ráðsins 89/647/EBE um eiginfjárlutfall
lánastofnana hvað varðar tæknilega skilgreiningu á „svæði A“ og
varðandi vægi eignarliða sem eru kröfur með beinni ábyrgð
Evrópubandalagsins**

Framkvæmdastjórnin birti tilskipun framkvæmdastjórnarinnar frá 31. maí 1995 um að samþykkja tilskipun ráðsins 89/647/EBE um eiginfjárlutfall lánastofnana hvað varðar tæknilega skilgreiningu á „svæði A“ og varðandi vægi eignarliða sem eru kröfur með beinni ábyrgð Evrópubandalagsins í Stjtið. EB nr. L 125, 8. 6. 1995. Með þessari tilskipun er tilskipun ráðsins 89/647/EBE breytt eins og hér segir:

Í 1. mgr. 2. gr. bætist eftirfarandi málslíður við annan undirlið: „Öll lönd sem endurskipuleggja erlendar ríkisskuldur sína eru þó útilokuð frá svæði A í fimm ár“.

Í stað 4. liðar í a-lið 1. mgr. 6. gr. kemur eftirfarandi: „4. eignarliðir sem eru kröfur með beinni ábyrgð ríkisstjórna og seðlabanka á svæði A eða Evrópubandalagsins“.

(sjá nánari útlístun í framannefndum Stjtið. EB).

**Tilmæli framkvæmdastjórnarinnar frá 12. maí 1995 um 95/EES/23/08
greiðslufrest í verslunarviðskiptum**

Framkvæmdastjórnin birti tilmæli framkvæmdastjórnarinnar frá 12. maí 1995 um greiðslufrest í verslunarviðskiptum í Stjtið. EB nr. L 127, 10. 6. 1995. Í tilmælunum er farið fram á að aðildarríkin geri nauðsynlegar lagalegar og hagkvæmar ráðstafanir til að tryggja að samningsbundinn greiðslufrestur í verslunarviðskiptum sé virtur og til að ná hagstæðari greiðslufresti í tengslum við samninga um opinber innkaup. Markmið þessara ráðstafana er að stuðla að frekara gagnsæi í samningsbundnum viðskiptum, ábyrgjast fullnægjandi bætur fyrir síðbærar greiðslur, tryggja viðeigandi málsmeðferð vegna miskabóta, ryðja úr vegi erfiðleikum sem einkenna viðskipti yfir landamæri og bæta greiðslufyrirkomulag í tengslum við samninga um opinber innkaup (sjá nánari útlístun í framannefndum Stjtið. EB).

**Skrá yfir skjöl varðandi EES sem framkvæmdastjórnin
sendi ráðinu á tímabilinu 29. 5. til 2. 6. 1995**

95/EES/23/09

Þessi skjal er unnt að fá hjá söluskrifstofum opinberrar útgáfustarfsemi Evrópubandalaganna

Kóði	Skráningarnúmer	Titill	Samþykkt af framkvæmda stjórninni	Sent til ráðsins þann	Blaðsíðu jöldi þann
COM(95) 189	CB-CO-95-213-EN-C ⁽¹⁾	Orðsending framkvæmdastjórnarinnar til ráðsins og Evrópuþingsins um skynsamlega nýtingu og verndun votlendissvæða	29.5.1995	29.5.1995	73
COM(95) 209	CB-CO-95-234-EN-C	Breytt tillaga að ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins um að samþykkja aðgerðaáætlun bandalagsins til að koma í veg fyrir alnæmi og aðra smitandi sjúkdóma innan ramma aðgerða á sviði almannaeilbrigðis	30.5.1995	30.5.1995	22
COM(95) 226	CB-CO-95-251-EN-C	Breytt tillaga að ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins (EB) um samsafn leiðbeininga varðandi Evrópuorkunet Breytt tillaga að ákvörðun ráðsins (EB) um ýmsar ráðstafanir sem miða að því að skapa hagstæðari skilyrði fyrir þróun Evrópuneta í orkuiðnaðinum	29.5.1995	30.5.1995	23
COM(95) 211	CB-CO-95-238-EN-C	Breytt tillaga að reglugerð ráðsins (EB) um fimmtu breytingu á reglugerð (EBE) nr. 1866/86 um tiltekna tæknilegar ráðstafanir varðandi verndun fiskveiðiauðlinda í Eystrasalti, Beltunum og Eyrarsundi	30.5.1995	31.5.1995	15
COM(95) 212	CB-CO-95-239-EN-C	Tillaga að reglugerð ráðsins (EB) um átjándu breytingu á reglugerð (EBE) nr. 3094/86 um tiltekna tæknilegar ráðstafanir vegna verndunar fiskveiðiauðlinda	30.5.1995	31.5.1995	6
COM(95) 214	CB-CO-95-240-EN-C	Tillaga að reglugerð ráðsins (EB) um að fella tímabundið niður frjálsa tolla sameiginlegu tollskrárinnar á ýmsar landbúnaðarafurðir	30.5.1995	31.5.1995	6
COM(95) 215	CB-CO-95-243-EN-C	Tillaga að ákvörðun ráðsins um að heimila ákveðnum aðildarríkjum að leggja eða halda áfram að leggja lækkað vörugjald á tiltekna jarðolíu, eða undanþiggja hana vörugjaldi, ef hún er notuð í sérstökum tilgangi, í samræmi við málsmeðferðina sem kveðið er á um í 4. mgr. 8. gr. tilskipunar 92/81/EBE	30.5.1995	31.5.1995	5
COM(95) 218	CB-CO-95-245-EN-C	Tillaga að tilskipun ráðsins um breytingu á II. viðauka við tilskipun 90/642/EBE um hámarks magn varnarefna í og á tilteknum vörum úr jurtaríkinu, meðal annars ávöxtum og matjurtum og um gerð skrár yfir hámarks magn varnarefna	31.5.1995	1.6.1995	10
COM(95) 208	CB-CO-95-233-EN-C	Breytt tillaga að reglugerð ráðsins (EB, KSE, KBE) um breytingu á fjárhagsreglugerð frá 21. desember 1977 um fjárlög Evrópubandalaganna	1.6.1995	2.6.1995	9
COM(95) 237	CB-CO-95-258-EN-C	Tillaga að reglugerð ráðsins (EB) um að koma á skipulagi vegna umsjónar með átaki á sviði fiskveiðimála í tengslum við ákveðin fiskveiðisvæði og -auðlindir bandalagsins	1.6.1995	2.6.1995	10

⁽¹⁾ „EN“ vísar til enska COM-skjalsins.

Reglur um upplýsingaskipti – tæknilegar reglugerðir**95/EES/23/10**

- Tilskipun 83/189/EBE frá 28. mars 1983 sem setur reglur um tilhögun upplýsingaskipta vegna tæknilegra staðla og reglugerða. (Stjtið. EB nr. L 109, 26. 4. 1983, bls. 8).
- Tilskipun 88/182/EBE frá 22. mars 1988 um breytingu á tilskipun 83/189/EBE. (Stjtið. EB nr. L 81, 26. 3. 1988, bls. 75).

Tilkynningar um drög að tæknilegum reglugerðum sem borist hafa framkvæmdastjórninni.

Tilvísun ⁽¹⁾	Titill	Lok þriggja mánaða stöðvunartímabils ⁽²⁾
95-0120-FIN	Umburðarbréf 130-95: Rofbúnaður í varnarflokki II	13.7.1995
95-0121-FIN	T 89A-92: Breytingar á tilkynningu T 89-92	13.7.1995
95-0122-D	Fyrirmæli um kyndibúnað (FEUVO), febrúarútgáfa, 1995	13.7.1995
95-0123-GR	Reglugerð um athafnasvæði á flugvöllum þar sem flugvélaeldsneyti er meðhöndlað og geymt	10.7.1995
95-0124-NL	Drög að reglugerð um samþætta eftirlitsáætlun varðandi framleiðsluferli og salmónellueftirlit í iðnaði með alifugla - PECB-ICC 1995	20.7.1995
95-0125-DK	Fyrirmæli um bann við notkun ákveðinna efna sem stuðla að eyðingu ósonlagsins	13.7.1995
95-0126-DK	Fyrirmæli um gervihnattajarðstöðvarbúnað	20.7.1995
95-0127-DK	Ökuljós	20.7.1995
95-0128-B	Drög að konunglegum úrskurði um breytingu á konunglegum úrskurði frá 15. mars 1968 um almennar tæknilegar kröfur sem ökutæki, eftirvagnar þeirra, einingar sem og öryggisbúnaður verða að uppfylla (lengd langferðabíreiða - 15 m)	20.7.1995
95-0129-D ⁽³⁾ ⁽⁴⁾	Gerðarsamþykkisforskrift BAPT 221 ZV MUE 2A um notendabúnað sem tengdur er við einpóla flutningsleiðir með hliðrænum tengisniðum og tíðnisvið á milli 300 Hz og 3400 Hz með viðbótarrými til merkjasendinga	24.7.1995

Framkvæmdastjórnin veur athygli á að samkvæmt skilmálum orðsendingar hennar frá 1. október 1986 (Stjtið. EB nr. C 245, 1. 10. 1986, bls. 4) gerir hún ráð fyrir að ef aðildarríki samþykkir tæknilega reglugerð sem fellur undir ákvæði tilskipunar 83/189/EBE án þess að senda drögin til framkvæmdastjórnarinnar eða virða skyldubundna stöðvun, sé ekki unnt að framfylgja reglugerðinni gagnvart þriðja aðila samkvæmt skilmálum réttarkerfis hlutaðeigandi aðildarríkis. Framkvæmdastjórnin telur þar af leiðandi að málsaðilar hafi rétt til að vænta þess að dómstólar landsins neiti að koma innlendum tæknilegum reglugerðum, sem ekki hefur verið tilkynnt um eins og krafist er í lögum bandalagsins, til framkvæmda.

Upplýsingar um tilkynningarnar eru fáanlegar hjá stjórnsýsludeildum ríkjanna og hefur skrá yfir þær verið birt í Stjórnartíðindum Evrópubandalagsins nr. C 67 frá 17. 3. 1989 bls. 3 og í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins nr. 6 frá 4. 5. 1994, bls. 8.

⁽¹⁾ Ár – skráningarnúmer – upprunaaðildarríki.

⁽²⁾ Eindagi fyrir athugasemdir frá framkvæmdastjórninni og aðildarríkjum.

⁽³⁾ Hefðbundnar reglur um upplýsingaskipti gilda ekki um „lyfjaskrá“.

⁽⁴⁾ Ekkert stöðvunartímabil þar sem framkvæmdastjórnin hefur samþykkt ástæður fyrir aðkallandi samþykki.

DÓMSTÓL

Upplýsingar frá dómstól Evrópubandalaganna⁽¹⁾

95/EES/23/11

Dómur dómstólsins frá 7. mars 1995 í máli C-130/91 REV: ISAE/VP (Instituto Social de Apoio ao Emprego e à Valorização Profissional) og Interdata (Centro de Processamento de Dados Limitada) gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna (beiðni um endurskoðun - mál greinilega ekki dómtækt).

Dómur dómstólsins (fimmta deild) frá 9. mars 1995 í máli C-345/93 (beiðni um forúrskurð frá Supremo Tribunal Administrativo): Fazenda Pública, Ministério Público gegn Américo João Nunes Tadeu.

Mál C-27/95: Beiðni um forúrskurð frá the High Court of Justice (Englandi), Bristol Mercantile Court samkvæmt fyriræmum þess dómstóls frá 20. janúar 1995 í máli Woodspring District Council gegn Bakers of Nailsea Ltd.

Mál C-34/95, 35/95 og 36/95: Beiðni um forúrskurð frá Marknadsdomstolen samkvæmt þremur úrskurðum þess dómstóls frá 7. febrúar 1995 í máli Konsumentombudsmannen gegn De Agostini (Svenska) Förlag AB og í máli Konsumentombudsmannen gegn TV-Shop i Sverige AB.

Mál C-37/95: Beiðni um forúrskurð frá Hof van Cassatie samkvæmt dómi þess dómstóls frá 10. febrúar 1995 í máli belgíska ríkisins gegn Ghent Coal Terminal.

Mál C-42/95: Beiðni um forúrskurð frá Bundesgerichtshof samkvæmt fyriræmum þess dómstóls frá 30. janúar 1995 í máli Siemens AG gegn Henry Nold.

Mál C-44/95: Beiðni um forúrskurð frá the House of Lords samkvæmt fyriræmum þess dómstóls frá 9. febrúar 1995, í máli Regina gegn Secretary of State for the Environment, fyrir hönd: Royal Society for the Protection of Birds.

Mál C-53/95: Beiðni um forúrskurð frá Tribunal de Travail de Tournai (fjórða deild) samkvæmt dómi þess dómstóls frá 14. febrúar 1995 í máli Institut National d'Assurances Sociales pour Travailleurs Indépendants gegn Hans Kemmler.

Mál C-55/95: Mál höfðað þann 2. mars 1995 af framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna gegn Konungsríkinu Spáni.

Mál C-57/95: Mál höfðað þann 4. mars 1995 af Lýðveldinu Frakklandi gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna.

Mál C-64/95: Beiðni um forúrskurð frá Finanzgericht of Land Brandenburg samkvæmt fyriræmum þess dómstóls frá 21. febrúar 1995 í máli Konservenfabrik Lubella Friedrich Bükler GmbH & Co KG gegn Hauptzollamt Cottbus.

Mál C-67/95: Beiðni um forúrskurð frá Tariefcommissie samkvæmt úrskurði þess dómstóls frá 3. mars 1995 í máli Rank Xerox Manufacturing (Hollandi) BV gegn Inspecteur der Invoerrechten en Accijnzen, Venlo.

Mál C-181/94 tekið af málaskrá: framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna gegn Stórhertogadæminu Lúxemborg.

Mál C-223/94 tekið af málaskrá: framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna gegn Írlandi.

Mál C-265/94 tekið af málaskrá: framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna gegn Konungsríkinu Spáni.

⁽¹⁾ Sjá Stjttíð. EB nr. C 101, 22. 4. 1995.

Upplýsingar frá dómstól Evrópubandalaganna á fyrsta dómstigi⁽¹⁾ 95/EES/23/12

Dómur dómstólsins á fyrsta dómstigi frá 15. mars 1995 í máli T-514/93: Cobrecaf SA og fleiri gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna (fiskveiðar - fjárhagsaðstoð bandalagsins fyrir smíði fiskiskipa - reglugerð (EBE) nr. 4028/86 - dómhæfi - staðfestingarúrskurður - skaðabætur).

Fyrirmæli dómstólsins á fyrsta dómstigi frá 21. febrúar 1995 í máli T-117/94: Associazione Agricoltori della Provincia de Rovigo og fleiri gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna (mál ekki dómtækt).

Fyrirmæli dómstólsins á fyrsta dómstigi frá 17. febrúar 1995 í máli T-308/94 R: Cascades SA gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna.

Mál T-18/95: Mál höfðað þann 7. febrúar 1995 af „Atlanta“ Handelsgesellschaft Harder & Co GmbH og Internationale Fruchtimport Gesellschaft Weichert & Co gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna.

Mál T-25/95: Mál höfðað þann 14. febrúar 1995 af S.A. Cimenteries CBR gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna.

Mál T-26/95: Mál höfðað þann 14. febrúar 1995 af Cembureau - Association Européenne du Ciment gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna.

Mál T-30/95: Mál höfðað þann 15. febrúar 1995 af Fédération de l'Industrie Cimentière Belge a.s.b.l. gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna.

Mál T-31/95: Mál höfðað þann 16. febrúar 1995 af Eerste Nederlandse Cementindustrie (ENCI) NV gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna.

Mál T-32/95: Mál höfðað þann 16. febrúar 1995 af Vereniging Nederlandse Cementindustrie gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna.

Mál T-34/95: Mál höfðað þann 17. febrúar 1995 af S.A. des Ciments Luxembourgeois gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna.

Mál T-35/95: Mál höfðað þann 17. febrúar 1995 af Dyckerhoff Aktiengesellschaft gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna.

Mál T-37/95: Mál höfðað þann 17. febrúar 1995 af Vicat S.A. gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna.

Mál T-42/95: Mál höfðað þann 17. febrúar 1995 af Heidelberger Zement Aktiengesellschaft gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna.

Mál T-44/95: Mál höfðað þann 20. febrúar 1995 af Aalborg Portland A/S gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna.

Mál T-45/95: Mál höfðað þann 20. febrúar 1995 af Alsen-Breitenburg Zement- und Kalkwerke GmbH gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna.

Mál T-46/95: Mál höfðað þann 20. febrúar 1995 af Nordcement Aktiengesellschaft gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna.

Mál T-47/95: Mál höfðað þann 20. febrúar 1995 af Terres Rouges Consultant og fleiri gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna.

Mál T-48/95: Mál höfðað þann 20. febrúar 1995 af Bundesverband der Deutschen Zementindustrie e.V. gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna.

(¹) Sjá Stjútíð. EB nr. C 101, 22. 4. 1995.